



nn-listatíminn- listatíminn- lista




49. „Spaugarinn“, brjóstmynd, brons, 1905. Rubin bls. 64.




47. „Fjölskylda fjölleikamanna“. Málverk, 1905, rubin, bls. 58.



50. „Frú Canals“. Málverk 1905. Rubin, bls. 66.



51. „Kona með blævæng“. Málverk, 1905.



52. „Kona með braudhleifa á höfði“. Málverk, 1906. Rubin bls. 72.

Gertrude var nær grímukennt, og varð ekki í grafötur farið um, hvaðan henni kom það svipmót. Skammt frá Malaga, við Osuna, höfðu verið grafnar upp ævafornar íberskar styttur, og voru þær sýndar í Louvre-safni vorid 1906 ásamt einlitrí brjóstmynd af konu. „(Picasso), sem alltaf var á hnotskóg eftir nýjum listformum, fékk augastað á styttnum, en stíll þeirra var utan formhefðar...“ (Penrose, Picasso, bls. 119). Orð var á haft að andlitsmyndin væri ólík Gertrude Stein. „Já, sagði (Picasso), allir segja, að hún líkist henni ekki, en það skiptir ekki máli... hún mun líkjast henni.“ (Gertrude Stein, *The Autobiography of Alice B. Toklas*, bls. 16).

Seint í október 1906 varð Picasso fullra 25 ára. Gerði hann um það leyti sjálfmynd í stíl andlistmyndar sinnar af Gertrude Stein, hendur sem andlit. Lengra gekk hann í þessum stíl í vetrarbyrjun, í málverki sínu, „Tveimur nöktum konum“, sem eru jafnvel styttnum líkar.

Myndir hans voru nú keyptar í málverksöllum Vollards og Clovis og jafnvel í búð Pere Souliers. Og hann hafði komist í kynni við rússneskan kaupmann, Sergei Schukine, sem varð helsti kaupandi mynda hans á næstu árum. Til efs er, að nokkur jafn ungur listmálari í París hafi þá verið búinn að koma ár sinni svo vel fyrir borð.

VIII. „Ungfrúrnar í Avignon“

Í SALON d'Automne höfðu villingarnir á ný sýningu haustið 1906, en þá var Picasso orðinn málkunnugur tveimur eða þremur þeirra. Til þess hafði Gertrude

Stein séð. „Það hljómar nú mjög undarlega, að Matisse hafði aldrei heyrt Picasso getið... En í þá daga lifðu allir út af fyrir sig og vissu nánast ekkert um aðra... Matisse og kona hans voru aftur komin í bænin, og þau þurftu að heilsa upp á Picasso og Fernande, svo að þau gætu látið mikið hvert með annað...“ (*The Autobiography of Alice B. Toklas*, bls. 60). Upp frá því var kunningskapur með Picasso og Matisse, þótt stundum sýndist sitt hvorum um myndlist og fleira. Það mun þó ekki hafa verið fyrr en snemma árs, 1907, að Picasso fór að umgangast Braque og Derain. „Braque var ungur málarari, sem þekkt hafði Marie Laurencin (ath. vinkonu Apollinaire), meðan þau voru bæði myndlistarnemar og þau höfðu málað andlitsmyndir hvort af öðru. Eftir það hafði Braque málað fremur landfræðilegar myndir, ávalar hæðir, og um litaval fylgt sjálfstæðri málalari Matisse. Hann hafði kynnt Derain, og verið getur, að þeir hafi þekkt, meðan þeir gegndu herþjónustu, og nú þekktu þeir Picasso. Eftirvænting lá í loftinu. Þeir vörðu dögum sínum uppi í Montmartre, og þeir átu saman í litlum matstað beint á móti („Pvottaprammanum“).“ (*The Autobiography of Alice B. Toklas*, bls. 64-65).

„Villingarnir“ gáfu um þetta leyti tóninn í nýmyndlist, ef svo verður einu nafni nefnd sú hreyfing, sem þá hafði liðlega fjóra áratugi fram gengið, aðallega á Frakklandi. Undir hana hafði ýtt tilkoma ljósmynda um 1840, en hún átti hlíðstæður í öðrum listgreinum, svo að rætur hennar lágu djúpt, þótt hún fengi líka nokkurn svip af fisku. Með þessari hreyfingu hafði Picasso hrifist, um leið og hann kom til Parísar 1899, og að henni hafði hann samið sig næstu tvö ár, þótt hinar bláu myndir hans yrðu utan meginkvísla hennar, en með hinum rórsauðu myndum sínum (og síðar þeim, sem hann málaði í Gosol), hafði hann sjálfur gengið fram með henni. Og nú ræddi hann daglega við tvo

eða fleiri, sem fyrir henni fóru. Hlaut það að segja til sín. Komst hann síðar svo að orði: „Í list verður allt hið áhugaverða strax í öndverðu. Óðar og upphafið er hjá liðið, er þegar að enda komið.“ (John Berger, *The Success and Failure of Picasso*, bls. 35).

Í undirbúningi hafði Picasso stórt málverk, sem honum hafði í hug komið í Gosol. Á fyrstu drögum hans að því voru fimm nær naktar kvenverur og tvær karlverur, sitjandi sjóliði miðbiks við matföng og blóm, en yst til vinstri maður með hauskuðu í hendi. Skyldi hún vera tákni forgengileika lífsins, en ekki mun umvöndun hafa undir búði. Á síðari drögum hurfu karlverur þessar, og mun honum hafa orðið hugstæð málverk Cezanne af konum, sem baða sig. Tvímælis orkar hins vegar, hvort hann hafi tekið mið af málverki, „Lífsgleði“, sem Matisse hafði þá nýlega lokið við. Eftir þennan langa aðdraganda, (en a.m.k. 17 frumdraganna hafa verið birt), máladi hann stóra mynd (2,44 x 2,34 m) af kvenverunum fimm í lok apríl og byrjun maí 1907. Þegar hann hafði nær lokið við málverkið, sýndi hann það vinum sínum og nokkrum boðgestum.

V

ÞÉBBRÖGÐ vina hans voru á einn veg. Þeir voru furðu lostnir. Heyrði Picasso á mál Leo Stein og Matisse, sem runnið hafði í skap. Áleit hann málverkið skop að nýmyndlist. Braque sagði, að það byði tólg og þræði í stað daglegs brauds. Shshukine varð að orði: „Hvílíkur missir franskri list. „Skárstar viðtökur fékk myndin hjá tveimur boðgestanna, Wilhelm Uhde, þýskum gagnrýnanda og safnara, og vini hans Daniel Henry Kahnweiler, sem kallaði hana „einkennilega mynd í dálítið assýrskum stíl“. Þótt Picasso

stæði ekki á sama um aðfinnslur vina sinna, lét hann ekki bilbug á sér finna. Og brátt snerist vinum hans hugur. Á málverkinu var handbragð meistara, hvað sem myndefninu leið, svo sem „í móthverfum bleiks lits og blás“. (Penrose, Picasso, bls. 131). Um sumarið gerði hann nokkrar myndir af kvenverum þessa stóra málverks, einum sér eða tveimur saman.

Málverki þessu gaf Picasso ekki nafn, því að sá var ekki vandi hans. Og getur Fernande Olivier þess ekki með nafni í minningabók sinni. En við það festist heiti, „Ungfrúrnar í Avignon“. Var það dregið af hóruhúsi í Carrer d'Avinyé í Barcelona. Komst málverkið í eigu fransks safnara, Doucet, og sagði André Breton í *La Revolution surrealiste*, 4. hefti, júlí 1925, að hann hefði keypt það fyrir sín orð. Málverkið var ekki formlega sýnt fyrr en 1937. Ljósmynd af því birtist fyrst í *Architectural Record* 1910. Um það hefur Alfred H. Barr sagt: „Þetta málverk Picasso var upphaf kúbisma, málverk Matisse („Lífsgleði“) var hámark „fauvisma“.“ (Barr, Picasso, bls. 258).

Á „Pvottaprammanum“ varð stundum jörvagleði. „Saman komu (íbúarnir og vinir þeirra) til að ræðast við, syngja, drekka ókjör af víni og áfengi, er þau leituðu í félagi ystu marka hugarflugs síns... Fernande segir frá tilraunum með vímugjafa, þegar forvitnin att þeim að næturlagi út í drauma ópíums... Það róandi, en hættulega, tiltæki fékk snöggan endi, þegar ungur þýskur málari, Wiegels, hengdi sig í vinnustofu sinni, eftir að hafa andað að sér of miklu af eter.“ (Penrose, Picasso, bls. 133). Voru þá aðeins liðin 6 ár, síðan vinur og félagi Picasso fyrirfór sér. – Annars konar uppörvun sóttist Picasso þó alla jafna eftir. Hann heyrði um hóp bókmenntamanna, sem saman komu sunnan Signu, í Closerie de Lilas, og André Salmon stóð að ásamt öðrum. Pangað tóku þau

Fernande að gera sér ferð fótgangandi þvert yfir París. Og sagðist Fernande svo frá, „að þeim finnst gott að ganga, sem enn hafi æskuroða í kinnum og von í brjósti.“


H

AUSTIÐ 1907 sá Picasso í fornsölu Pere Soulier á kvenhöfuð efst á mynd, sem bar yfir aðrar, sem utan á hana höfðu verið lagðar. Spurði hann, hvort hún væri fól fyrir 5 franka, og svaraði Soulier: „Vissulega, hún er eftir málara, sem heitir Rousseau, en striginn er góður og þú gætir notað hann.“ Málverk þetta hafði tollheimtumaðurinn málað af pólskri kennslukonu, og var það eitt meistaverka hans. Dró fundur myndarinnar dílk á eftir sér. Næsta haust efndi Picasso til samsætis til heidurs Rousseau líkt og honum sjálfum hafði verið haldið í Malaga 1897. Var samsætið lengi í minnum haft, en Fernande Olivier, Maurice Raynal og Gertrude Stein eru til frásagnar um það. Var Rousseau þakklátur fyrir þessa viðurkenningu. Að sínu leyti „fékk Picasso mætur á þessum undarlega og ljúfa manni... og Rousseau skynjaði sníllt Picasso. Það sýna hin frægu ummáli hans: „Picasso, þú og ég erum mestu málara okkar tíma, þú í egypskum stíl, ég í nútíma.“ (Penrose, Picasso, bls. 138). En Gertrude Stein skal hafa síðasta orðið: „Það var um það bil mánuði síðar, eitt dimmt vetrarkvöld í París, að ég var að flýta mér heim og fannst sem mér væri veitt eftirfór. Ég greikkaði og greikkaði sporið og fótatakið færðist nær og ég heyrði: Ungfrú, ungfrú. Ég sneri mér við. Það var Rousseau. „Ó, ungfrú, þér ættuð ekki að vera ein úti, eftir að dimmt er orðið, má ég fylgja yður heim? Það gerði hann.“ (*The Autobiography of Alice B. Toklas*, bls. 118).

Reykjavík, 3. apríl 1986.
Haraldur Jóhannsson.




54. El Greco: „Jósep með Jesús á barnsaldri“. 1597-99. Barr, bls. 255.



56. „Tvær naktar konur“. Málverk, 1906.



55. „Andlitsmynd af Gertrude Stein“. Málverk, 1906. Rubin, 73.



57. „Ungfrúrnar í Avignon“. Málverk, 1907. Rubin. bls. 99.